Reykjavík, 24. nóvember 2026
USK26090186

Umsókn um framkvæmdaleyfi – Skarfagarðar 8, landfylling

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20 október 2026 var lögð fram umsókn Faxaflóahafna um framkvæmdaleyfi fyrir landfyllingu við Skarfabakka.
Fyrirhugað fyllingarsvæði er um 610 m² að flatarmáli og áætlað heildarmagn fyllingarefnis er 4.612 m³. Landfyllingin verður afmörkuð með stálþili og byggð upp með fyllingarefni sem flutt verður að framkvæmdasvæðinu frá landi.



Aðalskipulag Reykjavíkur



Deiliskipulag Skarfabakka


Landfylling skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er svæðið skilgreint Hafnarsvæði H4

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Skarfabakka–Klettasvæði, ásamt síðari breytingum. Breyting á deiliskipulaginu vegna Skarfagarða 6–8 tók gildi árið 2026

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við bæði aðal og deiliskipulag

Umsögn

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð allt að 610 m² landfyllingar við vesturenda Skarfabakka. Áætlað heildarmagn fyllingarefnis er um 4.612 m³. Landfyllingin verður afmörkuð með stálþili og byggð upp með hreinu og ómenguðu fyllingarefni sem flutt verður á framkvæmdasvæðið frá landi.

Markmið framkvæmdarinnar er að skapa landrými fyrir mannvirki og búnað vegna landtengingar skemmtiferðaskipa við Skarfabakka. Nauðsynlegt er að búnaðurinn sé staðsettur í nálægð við hafnarbakkann og er umrætt svæði talið henta vel fyrir þá starfsemi.

Reykjavík

Framkvæmdin fer fram innan núverandi manngerðs hafnarsvæðis og er í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag.

Stálþil verður rekið niður áður en fyllingarframkvæmdir hefjast og afmarkar framkvæmdasvæðið. Fyllingarefni mun því ekki komast í beina snertingu við sjó. Að framkvæmd lokinni verður svæðið frágengið í samræmi við fyrirhugaða nýtingu og ásýnd nærliggjandi hafnarsvæðis. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í apríl 2027 og að framkvæmdartími verði allt að 24 mánuðir.

Fyrir liggur mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Niðurstaða matsins er að framkvæmdin hafi ekki í för með sér að ástand vatnshlotsins Innri Sund - Elliðaárvogur - Grafarvogur (104-1303-C) rýrni eða að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Um er að ræða gerð allt að 610 m² landfyllingar innan núverandi hafnarsvæðis. Framkvæmdin mun hafa í för með sér tímabundið rask á framkvæmdatíma og breytir ásýnd framkvæmdasvæðisins að lokinni framkvæmd.

Samkvæmt viðauka 1 við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana falla landfyllingar sem eru 5 ha eða stærri undir flokk B. Fyrirhuguð framkvæmd er umtalsvert minni að umfangi og fellur því ekki undir tilgreindan framkvæmdaflokk.

Skilmálar framkvæmdaleyfis

- Framkvæmdaraðili skal tryggja öryggi á framkvæmdasvæðinu og lágmarka áhrif framkvæmda á aðgengi og umferð um nærliggjandi svæði.
- Ekki er heimilt að stafla efni eða búnaði með þeim hætti að það valdi sjónhindrunum, umferðaróöryggi eða öðrum óþægindum fyrir vegfarendur.
- Framkvæmdaleyfishafi skal afla allra nauðsynlegra leyfa og hafa samráð við viðeigandi rekstraraðila veitukerfa og aðra hagsmunaaðila áður en framkvæmdir hefjast.

Vöktun og mótvægisaðgerðir

- Framkvæmdir skulu fara fram með þeim hætti að rask og gruggmyndun í sjó verði sem minnst.
- Komi fram veruleg gruggmyndun utan framkvæmdasvæðis eða vísbendingar um neikvæð áhrif á lífríki eða vatnsgæði skal framkvæmdaraðili grípa til viðeigandi mótvægisaðgerða og endurskoða framkvæmdaraðferðir eftir þörfum.
- Allt fyllingarefni skal uppfylla kröfur um hreinleika og vera laust við úrgang, mengunarefni og önnur aðskotaefni.
- Gæta skal að því að efni berist ekki út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði.

- Verði vart við ófyrirséð umhverfisáhrif skal framkvæmdaraðili tilkynna það leyfisveitanda og viðeigandi eftirlitsaðilum án tafar og leggja fram tillögur að úrbótum.
- Að framkvæmd lokinni skal ganga fullnægjandi frá svæðinu og staðfesta að framkvæmd hafi verið í samræmi við skilmála leyfisins.

Niðurstaða

Fallist er á að veitt verði framkvæmdaleyfi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík